

STJÓRNARTÍÐINDI B 72 – 2002

13. maí 2002

1197

Nr. 418

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Ásland 2. áfangi“ vegna Erluáss 1, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 19. febrúar 2002 breytingu á deiliskipulagi „Ásland 2. áfangi“ vegna Erluáss 1, Hafnarfirði.

Farið var með tillöguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 13. maí 2002.

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

7. júní 2002

Nr. 419

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Ásbúð í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Ásbúð 78 í Garðabæ. Í breytingunni felst að byggingarreitur húss er stækkaður fyrir 25 m² viðbyggingu. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsbreytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 7. júní 2002.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

3. júní 2002

Nr. 420

REGLUGERÐ

um breytingu á skipulagsreglugerð nr. 400/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Við grein 1.2. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Skilgreining á orðinu nýtingarhlutfall í grein 1.3 orðast svo:

Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga og byggingarhluta í lokunarflokkum A og B sbr. ÍST 50:1998 á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Lóðanýting segir til um hlutfallið milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð og flatarmáls lóðar. Reitanyting segir til um hlutfallið milli brúttóflatarmáls bygginga á landnotkunarreit eða göturreit og flatarmáls reitsins.

3. gr.

8. mgr. grein 3.1.4. orðast svo:

Ef gert er ráð fyrir bílastæðum neðanjarðar í deiliskipulagi reiknast þau ekki með við útreikning nýtingarhlutfalls.

4. gr.

Við 2. mgr. greinar 7.2.3. bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Heimilt er skipulagsnefnd að stytta tímabil grenndarkynningar ef allir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir því með áritun á deiliskipulagsuppdrátt, áður en fjórar vikur eru liðnar, að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 10. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 3. júní 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigrún Ágústsdóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag tveggja spildna úr landi Lundar, milli Æsustaðarafleggjara og Helgadalsvegur í Mosfellsdal.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag fyrir tvær spildur úr landi Lundar, milli Æsustaðarafleggjara og Helgadalsvegur í Mosfellsdal, Mosfellsbæ, á fundum sínum þann 13. og 24. apríl 2002.

Skipulagið nær til tveggja spildna sunnan við Þingvallavegin að Suðurá. Á spildunni næst Þingvallavegi gerir tillagan ráð fyrir að reist verði tvö einbýlishús á tveimur afmörkuðum lóðum. Á spildunni næst Suðurá verður heimilt að reisa eitt einbýlishús ásamt hesthúsi/fóður- og tækjageymslu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.